

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 24. maí 2007 í máli

nr. E-140/2007:

Arnar Gústafsson

(Bjarni Þór Óskarsson hrl.)

gegn

Eiríki Kristni Þórðarsyni

(Arnar Sigfússon hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 15. maí s.l., hefur Arnar Gústafsson, kt. 000000-0000, Brimnesi, 621 Dalvík, (dreifbýli), höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 16. febrúar 2007, gegn Eiríki Kristni Þórðarsyni, kt. 000000-0000, Seljahlíð 3 í, 603 Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 536.360, ásamt dráttarvöxtum af kr. 381.400 frá 23.06.2006 til 14.12.2006, af kr. 497.640 frá 14.12.2006 til 05.02.2007, af kr. 536.360 frá 05.02.2007 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað, en að málskostnaður verði látinn bíða efnisdóms.

I.

Í stefnu er atvikum og málsástæðum lýst svo að umrædd dómkrafa sé til komin vegna viðskipta stefnda við stefnanda, en stefnandi hafi m.a. verið með fyrir stefnda hross í hagagöngu og í vetrarfóðrun og jafnframt hafi stefnandi selt stefnda heyrúllur. Þá hafi stefnandi annast snjómokstur fyrir stefnda. Um nefnd atriði er vísað til þriggja framlagðra reikninga og er þeim í stefnu lýst þannig:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
-----	-------------	-----------	---------

1.	23.06.2006	23.06.2006	381.480
2.	14.12.2006	14.12.2006	116.160
3.	05.02.2007	05.02.2007	38.720

Í stefnu segir að umsaminn gjalddagi á nefndum viðskiptum hafi verið útgáfudagur reikninganna og miðist dráttarvaxtakrafa í dómkröfu við það tímamark. Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því hafi verið nauðsynlegt að höfða mál þetta til greiðslu hennar.

Um lagarök vísar stefnandi til reglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála, en um varnarþing er vísað til 32. gr. sömu laga.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit þeirra reikninga sem vísað er til í stefnu, nr. 22, 35 og 41. Í textalýsingu fyrsta reikningsins segir að um sé að ræða hagagöngu og vetrarfóðrun, annars vegar á fjórum hestum og hins vegar á einum graðhesti í 17 mánuði og er tiltekið ákveðið mánaðargjald. Á sama reikningi segir í lýsingu að krafan varði einnig sex rúllur af heyi og er tiltekið ákveðið einingaverð. Loks segir að krafan varði snjómokstur og fleira og er tiltekið ákveðið einingaverð, en að öðru leyti er sá liður illlæsilegur. Reikningar nr. 35 og 41 eru sundurliðaðir eftir tímabilum, annars vegar frá júní til nóvember og hins vegar frá desember til janúar, en í báðum er því lýst að krafan varði hagagöngu og vetrarfóðrun á hestum.

Af hálfu stefnda er framangreindri málavaxtalýsingu stefnanda alfarið andmælt. Er þannig staðhæft að stefndi skuldi stefnanda ekki neitt og til þess vísað að engar sönnur hafi verið lagðar fram um að stefndi hafi samþykkt að eiga viðskipti við stefnanda yfirleitt. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á hvers eðlis þau hafi átt að vera né um upphæð eða endurgjald vegna þeirra.

II.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því að málið sé mjög vanreifað af hálfu stefnanda og að öllum málatilbúnaði hans, í stefnu og öðrum sóknargögnum, sé svo áfátt að efnisdómur verði ekki lagður á málið. Telur stefndi málatilbúnaðinn að öðru leyti vera í skýrri andstöðu við ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91, 1991. Þannig sé lýsing á málsástæðum í stefnu mjög ónákvæm. Þar segi aðeins að krafan sé til komin vegna viðskipta stefnda við stefnanda „m.a.“ vegna hagagöngu og vetrarfóðrunar hrossa, seldra heyrúllna og vinnu vegna snjómoksturs. Að öðru leyti sé vísað til framlagðra reikninga. Þeir séu hins vegar óljósir og ruglingslegir. Á einn þeirra vanti m.a. algjörlega að tilgreint sé fyrir hvaða tímabil hann sé og á

hinum sé það ekki fullnægjandi tilgreint. Þá sé á einum reikninganna verið að rukka fyrir ýmsa óskylda liði án nokkurra skýringa. Hvergi í stefnu né öðrum framlögðum gögnum sé að finna neina tilvísun til samninga, munnlegra eða skriflegra, eða nokkur tilraun gerð til að rökstyðja eða útskýra á nokkurn hátt hvernig reikningsupphæðir séu fundnar né á hverju þær byggjast.

Við munnlegan flutning var af hálfu stefnanda vísað til þess málareksturinn varði einfalt innheimtumál er eigi rót sína að rekja til viðskipta aðila, sem hann staðhæfir að hafi átt sér stað í töluverðan tíma. Form stefnu og framlagðir reikningar séu í fullu samræmi við hvort annað og torveldi á engan hátt vörn stefnda. Komi þannig skýrt fram hvers konar þjónustu stefnandi hafi látið í té, en einnig verði á auðveldan hátt séð hvaða tímabil hafi verið að ræða, þ.á.m. á reikningi nr. 22. Að öðru leyti séu reikningarnir skýrir, en til þess er vísað stefnandi hafi enn ekki lýst gagnaöflun lokið og muni hann því skýra mál sitt frekar við meðferð málsins gerist þess þörf.

III.

Í e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála segir, að í stefnu þurfi að koma fram „málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er“.

Að virtum framangreindum gögnum telur dómurinn að ekki verði fyllilega ráðið af lýsingu í stefnu hvaða atburður eða atvik búi að baki kröfu stefnanda í máli þessu eða hvað felist nánar í þeim atvikum, sem hann þó lýsir, sem leiði til þess að krafan sé í raun til. Þess er m.a. ekki getið hvenær eða með hvað hætti stofnað var til hinna ætluðu lögskipta, hvar þau fóru fara fram og á hvaða tímabili.

Að þessu virtu verður fallist á með stefnda að hann geti hafa velkst í vafa um málsgrundvöll stefnanda og að vörn af hans hálfu verði af þeim sökum áfátt. Og þar sem stefnan fullnægir ekki skilmerkjum nefnds stafliðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91, 1991 að þessu leyti verður ekki hjá öðru komist en að vísa henni frá dómi, í samræmi við kröfu stefnda.

Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91, 1991 ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Úrskurð þennan kveður upp Ólafur Ólafsson, héraðsdómari.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Arnar Gústafsson, greiði stefnda, Eiríki Kristni Þórðarsyni, 50.000 krónur í málskostnað.